

B. Aðalpóstleið frá Akureyri til Seyðisfjarðar.

1. Um Eyjafjarðarsýslu.

Frá Akureyri fram með Eyjafjarðará að Gilsferju og þar yfir ána; þaðan yfir brúna á Þverá upp á Vaðlaheidarveginn að sýslutakmörkum.

2. Um Suður- og Norður-Þingjarsýslu:

Frá sýslutakmörkum eptir Vaðlaheidarvegnum yfir Vaðlaheiði að Hálsi í Fnjóskadal; þá um Ljósavatnsskarð yfir Skjálfandafljótsbrúna, yfir Fljótsheiði að Einarstöðum í Reykjadal, þaðan út Reykjadal að Grenjadarstöðum, og síðan fram Laxárdal, upp Hólasand að Reykjahlíð; þá yfir Mývatnsöræfi að Grímstöðum og yfir Biskupsháls að sýslutakmörkum.

3. Um Norðurmúlasýslu.

Frá sýslumótum á Biskupshálsi að Möðrudal; þaðan yfir Möðrudalsheiði að Sjöldófsstöðum; síðan út eptir Jökuldal að brúnni á Jökulsá, niður frá Fossvöllum, yfir Brúarháls fram hjá Bót í Hróarstungu, yfir Rangá að Ekkjufelli, austur yfir Lagarfljót að Höfða í Suðurmúlasýslu; þaðan yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

C. Aðalpóstleið frá Eskifirði til Reyjavíkur.

Um Suðurmúlasýslu.

Frá Eskifirði upp yfir Eskifjarðarheiði að Höfða á Völlum, þaðan upp austanvert við Grímsá hjá Arnhólsstöðum eptir Víðirgróf yfir Breiðdalsheiði hjá Ánastöðum, síðan suður yfir Berufjarðarskarð hjá Berufjarðar prestssetri, út með Berufirði sunnanverðum, að Djúpavogi. Þaðan suður um Hamarsfjörð og Álptafjörð að Starmýri og upp á Lónsheiði að takmörkum Suðurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu.

Samkvæmt 3. grein laga 10. nóv. 1887 á helmingur sýsluvegagjaldsins úr Suðurmúlasýslu að ganga til aðalpóstvega.

Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 19. febr. þ. á. hafði 8. maí þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Seiluhreppi í Skagafjarðarsýslu dags. 16. nóv. f. á. með tilheyrandi fylgiskjólum, þar sem tjeð hreppsnefnd áfrýjar til mín úrskurði yðar frá 23. sept. f. á., er ákveður, að Seiluhreppur skuli endurgjalda sveitarsjóði Seyðisfjarðarhrepps 247 kr. 92 aura fyrir sveitarstyrk, er María nokkur Guðmundsdóttir, sem er viðurkennd sveitlæg í Seiluhreppi, hafði pegið af fyrnefndum sveitarsjóði. Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefur gefizt færi á að svara áfrýjunarskjalinu.

Um mál þetta skal það tekið fram, sem nú skal greina.

Upphafleg krafa Seyðisfjarðarhrepps til Seiluhrepps fyrir styrk til ofannefndrar Maríu var að upphæð 290 kr. 44 aur., sem sje fyrir ýmsar vörur og matvæli, er henni voru veitt ásamt Sigurbirni syni hennar frá 5. desbr. 1885 til 14. júní 1886, 88 kr. 24 aurar, (þar sem Sigurbjörn hafði endurborgað 44 krónur af 132 kr. 24 aurum, sem þeim mæðginum voru veittar alls á þessu tímabili), og auk þess sem fólgu með Maríu frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887, 202 kr. 20 aurar. Síðan hefur ofannefnd hreppsnefnd fært fyrri lið kröfu sinnar niður í 66 krónur og 12 aura, með því að reikna Maríu helming ofan-

65 nefndar upphæðar, 132 kr. 24 aura, sem henni var veitt í sameiningu við Sigurbjörn 8. maí son sinn, sem kominn var á fullorðins aldur og ekki er taliun sveitlægur í Seiluhreppi.

Hreppsnefnd Seiluhrepps hefur mótmælt þessum kröfum af þeim ástæðum: 1. að styrkurinn frá 5. desbr. 1885 til 14. júní 1886 hafi verið þannig veittur, að eigi verði sjeð eða sundurgreint hvað af honum hafi komið Maríu til nota, og að ýmislegt af honum hafi verið veitt að þarflausu, 2. að meðlagið frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887 sje reiknað hærra en hófi gegnir og 3. að of seint hafi verið sagt til styrksins eða grennslazt um framfærslusveit Maríu, svo að af því hafi leitt að hún hafi ekki verið flutt í tæka tíð til áttuga sinna.

Eptir skýrslum þeim sem fyrirliggja í málinu verð jeg að vera yður samdóma um að hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hafi ekki vanrækt svo skyldu sína að því er það snertir að krefjast endurgreiðslu á hinum veitta styrk, að hin síðasttalda ástæða verði tekin til greina frekar en gjört er í úrskurði yðar. Heldur ekki virðist fúlgan, sem lögð hefur verið með Maríu frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887 eptir atvikum vera svo hátt reiknuð, að hún geti ólögleg talizt. En aptur á móti virðist hreppsnefnd Seiluhrepps ekki verða skylduð til að greiða annað en það, sem er áreiðanlega sannað, að jagt hafi verið fram í hennar þarfir og með því að hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps ekki hefur getað sagt með vissu hvað hún hefur greitt til hinnar þráttnefndu Maríu Guðmundsdóttur á tímabilinu frá 5. desbr. 1885 til 14. júní 1886, þar sem hin fyrri krafa hreppsnefndarinnar er af henni sjálfri viðurkend of há, og hin síðari er byggð á ágizkan einni, þá getur ekki neitt orðið ákveðið um þann hluta endurgjaldskröfunnar að þessu sinni, og eigi nema nákvæmari skýrslur komi fram.

Samkvæmt framansögðu verður því hreppsnefnd Seiluhrepps ekki í þessu máli skylduð til að greiða annað en þær 202 kr. 20 aura, sem lagðar voru í fúlgu með þráttnefndri Maríu á tímabilinu frá 14. júní 1886 til 17. maí 1887, og skal úrskurður yðar með þeirri breytingu óraskaður standa.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þókanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

66 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um kostnað við kirkjugarðshleðslu. -- Eins og yður er kunnugt, herra amtmáður, hefur alþingi 14. maí optar en einu sinni látið í ljósi, að það álitu heimildarlaust að verja fje úr landssjóði eða af tekjum dómkirkjunnar í Reykjavík til aðgjörðar eða viðhalds á kirkjugarði Reykjavíkur sóknar, heldur sje það skylda sóknarmanna að leggja til þá vinnu og það fje, sem til þessa útheimtist, og þessi skoðun alþingis virðist hafa bæði lög og landsvenju við að styðjast, sjá reglugjörð 17. júlí 1782, 15. gr. sbr. viðaukalög 12. maí 1882 og kansellibrjef 2. júní 1840.

Með því að fyrnefndur kirkjugarður er í því ásigkomulagi, að hann þarfnast bráðrar aðgjörðar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna sóknarnefnd Reykjavíkur sóknar, að það eptir áðursögðu beri undir hana að annast um alla aðgjörð og viðhald kirkjugarðsins, og að hún megi ekki búast við, að neitt fje verði lagt fram í því skyni úr sjóði dómkirkjunnar.